

## ERINDISBRÉF VERKEFNISSTJÓRA VEGNA VINNU VIÐ UNDIRBÚNING LAGNINGU LJÓSLIÐARA

Sveitarstjórn hefur ákveðið að ráða verkefnisstjóra til að vinna að undirbúningi og útboði við lagningu ljósléiðara á öll heimili í Þingeyjarsveit.

Markmið er að bæta búsetuskilyrði og auka tækifæri íbúa sveitarfélagsins til starfs og náms. Stefnt er að verkefnið taki þrjú til fimm ár.

Í ljósi þessa er hlutverk verkefnisstjóra sem hér segir:

- að afla upplýsinga líkt og tengingafjölda heimila, fjarlægðir og útfæra verkefnið samkvæmt því. Í störfum sínum hefur verkefnisstjóri heimild til að óska eftir upplýsingum er varðar verkefnið hjá starfsfólki skrifstofu sveitarfélagsins og Loftmyndum sem og leita aðstoðar og ráðgjafar hjá verkfræðistofum varðandi lagnaleiðir o.fl.

-að vinna að útboðsgögnum samkvæmt ráðgjöf Póst- og fjarskiptastofnun ríkisins.

- að leggja fram við verklok fullbúin gögn og upplýsingar sem nota skal við útboðsvinnu vegna fyrirhugaðrar ljósléiðaravæðingu í sveitarfélaginu.

Fjárhagsrammi verkefnisins er kr. 500.000.

Verkefnisstjóri skal skila verkefninu til sveitarstjóra fyrir 1. september 2015.